



NEYTENDASTOFA

Reykjavík, 01.11.2007  
Tilv. 2007/1071 - 2.1.2

## **Efni: Auglýsingar Heklu hf. á grænum bílum**

Í bréfi Neytendasamtakanna til Neytendastofu, dags. 19. júní sl., er gerð athugasemd við auglýsingar Heklu hf. á Volkswagen bílum sem birst hafa í fjölmiðlum og á heimasíðu fyrirtækisins. Í auglýsingunum er megin áhersla lögð á að bílarnir séu grænir en þar segir í fyrirsögn: „*Þeir eru allir grænir!*“ Með mun smærra letri sem einskonar skýring á hugtakinu grænn segir jafnframt í fyrirsögninni: „*Nýir bílar frá Volkswagen eru kolefnisjafnaðir*“.

Að mati Neytendasamtakanna gefa auglýsingarnar í skyn að bílarnir séu grænni eða umhverfisvænni en aðrir bílar og þar af leiðandi megi skilja af auglýsingunum að þeir séu skaðlausir umhverfinu. Raunin sé sú að Hekla greiði fyrir eins árs kolefnisjöfnun nýrra Volkswagen bíla þ.e. fyrirtækið greiði fyrir gróðursetningu trjáa sem bæti upp kolefnismengun hvers bíls í eitt ár. Það samsvari 5 – 6000 kr. Að mati samtakanna brjóta auglýsingarnar í bága við 1. mgr. 6. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins. Þá séu auglýsingarnar ekki í samræmi við leiðbeinandi reglur um auglýsingar og umhverfisvernd nr. 559/1994.

Í athugasemdum Heklu segir að einungis komi fram í auglýsingunum að Hekla greiði fyrir kolefnisjöfnun vegna mengunar nýrra Volkswagnen bíla í eitt ár. Hvergi sé því haldið fram að bílarnir mengi ekki eða mengi minna en aðrir bílar. Því sé ekki haldið fram að nýir Volkswagen bílar séu umhverfisvænir eða að notkun þeirra sé skaðlaus umhverfinu.

Með stóru letri í fyrirsögn auglýsinganna segir að nýir Volkswagen bílar frá Heklu séu grænir. Skýringu á merkingu orðsins grænn má lesa með smærra letri í fyrirsögninni, en þar segir að það merki að bílarnir séu kolefnisjafnaðir. Loks má sjá neðar í auglýsingunni, með enn smærra letri hvað felst í hugtakinu kolefnisjöfnun og nánari útlistun á því hversvegna bílarnir séu sagðir grænir.

Með aukinni alþjóðavakningu á umhverfisvernd hefur orðið grænn fengið merkinguna umhverfisvænn í hugum flestra. Skv. upplýsingum frá Orðabók Háskóla Íslands felst í hugtakinu grænn m.a. að sú vara sem sögð er vera græn sé umhverfisvæn og hafi jákvæð áhrif á umhverfið.

Kolefnisjöfnun er nýtt hugtak í íslensku. Að mati Íslenskrar málstöðvar hafi hugtakið ekki náð að festast í hugum manna og sé merking og notkun þess í tungumálinu nokkuð óljós og ómarkviss. Þó sé ljóst að kolefnisjöfnun náist þegar bundið sé jafn mikið kolefni í gróðri og losað sé út í andrúmsloftið. Sé því m.a. unnt að kolefnisjafna með gróðursetningu mengun þá sem verður af útblæstri bíla.

Að mati Neytendastofu er í fyrrnefndum auglýsingum Heklu megin áhersla lögð á það að nýir Volkswagen bílar séu grænir og á þann hátt gefið í skyn að þeir séu umhverfisvænir eða hafi jákvæð áhrif á umhverfið. Af gögnum málsins er ljóst að sú merking er ekki lögð í hugtakið grænn í auglýsingunum enda því ekki mótmælt að bílarnir menga jafnt og aðrir samsvarandi bílar. Sú skýring að Hekla greiði fyrir kolefnisjöfnun þeirrar mengunar er nýir Volkswagen bílar valda í eitt ár geri þá græna eða umhverfisvæna fær Neytendastofa ekki séð að fái staðist.

Þá er sú skýring sem fram kemur í auglýsingunum, að nýir Volkswagen bílar séu kolefnisjafnaðir röng eða byggð á misskilningi á þýðingu hugtaksins. Að mati Neytendastofu getur bíll aldrei verið kolefnisjafnaður heldur má kolefnisjafna þá mengun sem myndast í andrúmsloftinu með akstri bifreiðar t.d. með gróðursetningu.

Að öðru leyti telur Neytendastofa skýringar þær sem gefnar eru í auglýsingunum á hugtakinu kolefnisjöfnun ásættanlegar með þeim fyrirvara sem að framan greinir.

Að mati Neytendastofu er því framsetning auglýsinganna til þess fallin að vera villandi og því ekki í samræmi við ákvæði 6. gr. laga nr. 57/2005. Neytendastofa beinir þeim eindregnu tilmælum til Heklu hf. að taka framvegis tillit til framangreinds í auglýsingum sínum og jafnframt að hafa í huga leiðbeinandi reglur um auglýsingar og umhverfisvernd nr. 559/1994.

Virðingarfyllst,  
f.h. Neytendastofu